



Ársskýrsla 2018

Samantekt

Starfsemi safnsins litaðist óhjákvæmilega af því að fyrrum safnstjóri til fjölda ára, Sigrún Ásta Jónsdóttir, lét af störfum 31. mars. Eiríkur P. Jörundsson, sagnfræðingur, tók við keflinu. Nýr safnstjóri tók við góðu búi að mörgu leyti og margt mikilvægt ávannst á árinu. Þrjár nýjar sýningar voru opnaðar, tvær í Gryfjunni og ein í Stofunni, sem hlutu góðar viðtökur. Rannsókn hófst á fornleifum á Keflavíkurtúni, sem lofa góðu, og mikilvægur áfangi náðist í endurskipulagningu á húsnæði safnsins í Ramma.

Hins vegar er ljóst að brýn þörf er á að ráða fleiri starfsmenn að safninu, ekki síst til að skrá og skipuleggja viðamikil ljósmyndasöfn og gera myndir úr þeim aðgengilegar á netinu.

Starfsemin

Hlutverk Byggðasafnsins er að sinna sögu og menningu sveitarfélagsins með því að safna, varðveita, skrá og rannsaka sögulega muni og minjar. Jafnframt að miðla vitneskju um söguna og safnkostinn og veita almenningi aðgang að honum.

Starfsmenn safnsins

Fastráðnir starfsmenn í fullu starfi:

Sigrún Ásta Jónsdóttir safnstjóri, - lét af störfum 31. mars.

Eiríkur P. Jörundsson, - tók við sem safnstjóri 1. apríl.

Haraldur Haraldsson safnvörður.

Hulda Björk Þorkelsdóttir vann sem verktaki við frágang á skjalasafni Byggðasafns og einkaskjalasafni, auk þess að aðstoða við skráningar muna og mynda í Sarp. Oddgeir Karlsson og Helgi Biering unnu sem verktakar að undirbúningi og uppsetningu sýninga, auk þess að vinna að sérstyrktum verkefnum.

Rekstur safnsins

Ársvelta 2018 56.443.290

Tekjur:

Styrkir og sértekjur: 5.570.000

Framlag Reykjanesbæjar: 50.867.290

Útgjöld:

Laun og launatengd gjöld: 17.527.921

Húsnæðiskostnaður: 25.439.523

Sértækur rekstur safns: 8.240.448

Almennur rekstur: 5.229.398

Ýmis verkefni

Safngripir ljósmyndaðir

Unnið var stærstan hluta ársins við að mynda skráða safngripi og færa myndir yfir í Sarp. Verktaki vann að verkinu, Oddgeir Karlsson ljósmyndari, ásamt Haraldi Haraldssyni safnverði. Talsvert hefur áunnist í að mynda gripi og muni og er nú búið að mynda ríflega 70% af safnkostinum. Sigrún Ásta sá um að færa myndir yfir í Sarp en Hulda Björk tók við þeirri vinnu eftir að Sigrún Ásta hætti. Hulda Björk hefur einnig unnið að því að færa ljósmyndir úr safninu yfir í Sarp og við árslok var búið að færa 10.563 myndir í Sarp. Jafnframt hefur hún unnið að lagfæringum og sett inn viðbætur við skráningu muna BYR í Sarpi, ef þörf hefur verið á.

Skráning mannvirkja og minja á Pattersonflugvelli

Byggðasafnið hefur unnið að skráningu á húsum og minjum á Pattersonflugvelli og var Helgi Biering þjóðfræðingur ráðinn sem verktaki. Verkið er unnið með styrkveitingu frá Minjastofnunun Íslands og er markmiðið að kortleggja svæðið áður en það verður skipulagt. Um síðustu áramót var verkið langt komið og er áætlað að því ljúki á vordögum 2019. Í framhaldinu er ætlunin að halda áfram skráningu húsa og minja á Ásbrúarsvæðinu öllu.

Fornleifauppgröftur á Keflavíkurtúni

Síðasta vor sá Byggðasafnið um forrannsókn á fornleifum á gamla Keflavíkurtúninu, en verkefnið var hluti af átakinu Verndarsvæði í byggð. Rannsóknin var gerð til að kanna ástand fornleifa undir grassverðinum með tilliti til frekari rannsókna og sýninga á rústunum. *Fornleifafræðistofan* annaðist verkið. Jarðsjármælingar benda til þess að á bæjarhólnum leynist a.m.k. þrjár kynslóðir húsa. Undir seinasta vegg bæjarhúsanna var annar veggur úr eldri kynslóð húsa og má leiða að því líkum að hann sé að minnsta kosti frá 16. öld. Hugsanlega má þó færa upphafð talsvert aftar í tímann og tengja byggingar á þessu svæði við auknar fskveiðar Íslendinga á 14. öld. Líklega var hætt að nota bæjarhúsin um það leyti þegar fyrsti kaupmaðurinn settist að í Keflavík og keypti jörðina árið 1776. Eftir að hætt var að nota bæjarhúsin hefur hluti rústanna verið notaður sem ruslahola sem geymdi mikið magn af beinum og leirtaui ásamt járngrípum, grípum úr steini, krítarpípum, gleri úr flöskum og vösum, tígulsteinum og síðast en ekki síst tvo danska skildinga. Var annar úr kopar með ártalinu 1771 og hinn úr silfri. Báðir skildingarnir voru slegnir af Kristjáni VII. Rannsóknin bendir til þess að rústirnar séu heillegar og vel til þess fallnar að grafa fram og gera sýnilegar og fékk Byggðasafnið 1,5 m.kr. styrk úr Uppbyggingarsjóði til að halda verkinu áfram.



Ramminn endurskipulagður

Á haustdögum réðust starfsmenn Byggðasafnsins í viðamiklari verkefni við endurskipulagningu á nýtingu rýmis í Safnamiðstöðinni í Ramma. Undanfarin ár hefur umhverfis- og skipulagssvið bæjarins haft talsvert pláss í húsinu undir alls kyns dót og hluti frá hinum og þessum stofnunum bæjarins, en umsjón með geymslunni hins vegar fallið að mestu á safnvörð. Ákveðið var að tæma þennan hluta og í raun að gera húsnæðið alfarið að Safnamiðstöð, þar sem einungs munir og hlutir tengdir starfsemi safnanna í bænum hafi aðstöðu. Þá var talið mikilvægt að rýma til fyrir stórum slökkvibílum af Vellinum, sem annars var hætt á að færu í förgun eða yrðu gefnir til annarra safna. Verkinu hefur miðað vel áfram og gjörbreytt aðstöðu Byggðasafnsins.



Sýningar og miðlun

Í nóvember 2017 var sýningin *Reykjanesbær, Verndarsvæði í byggð?* sett upp í Gryfjunni og stóð hún fram í apríl 2018. Að auki voru þrjár nýjar sýningar opnaðar á vegum safnsins, tvær í Gryfjunni og ein í Stofunni í Duus safnahúsum.

Sýningin *Hlustað á hafið* var opnuð í Gryfjunni 1. júní. Sýningin fjallaði um nán tengsl sjómanna árabátatímans við hafið umhverfis Reykjanesið. Sýningunni var ætlað að veita örlitla innsýn í þann heim sem hafið var, stundum blítt og létt, en kannski oftari úfið og krafðist reglulega mannfórna. Á sýningunni var m.a. tveggja manna far í fullri stærð sem smíðað var eftir fyrstu nákvæmu teikningunni af slíkum bát frá 1772. Sýningarstjóri og hönnuður var Eiríkur P. Jörundsson. Sýningin var sú fyrri af tveimur sem sett var upp á árinu í tilefni af 40 ára afmæli safnsins.



Sýningin „*svo miklar drossiur*“ var opnuð á Ljósanótt í Stofunni. Sýningin var samstarfsverkefni Byggðasafnsins og Thelmu Björgvinsdóttur, þjóðfræðinema, sem hefur rannsakað og kynnt sér sögu Silver Cross vagna hér á landi og var hún höfundur sýningarinnar. Silver Cross barnavagnar hafa verið vinsælir á Íslandi í langan tíma, ekki síst á Reykjanesinu, og leitað var til fólks á Suðurnesjum með efni, bæði myndir og vagna. Óhætt er að segja að sýningin hafi hlotið afbragðs góðar viðtökur og var einkar vel sótt. Hönnuður og sýningarstjóri var Eiríkur P. Jörundsson, sem sá um uppsetninguna ásamt Thelmu, Sigríði Rögnu Jónasdóttur og Haraldi Haraldssyni.



Í nóvember var afmælisýning safnsins, *Við munum tímana tvenna*, opnuð í Gryfjunni. Á sýningunni er farið yfir tildrög og sögu safnsins og vakin athygli á mikilvægu starfi Byggðasafnsins í veröld og samfélagi sem breytist ört. Það fennir fljótt í sporin, en hlutverk Byggðasafnsins er að muna tímana tvenna og halda utan um söguna og fræða nútímann og komandi kynslóðir um fortíðina. Reykjanesbær býr yfir sérstæðri sögu, þar sem einmitt má greina afar skörp skil á milli tveggja tíma; annars vegar höfum við fiskibæina sem byggðu allt sitt á fangbrögðum við hafið og hins vegar langa sögu varnarliðsins sem nágretta innan girðingar og uppbyggingu alþjóðaflugvallar. Sýningastjóri var Eiríkur P. Jörundsson. Í sýninganefnd sátu einnig Hulda Björk Þorkelsdóttir, Haraldur Haraldsson, Oddgeir Karlsson og Helgi Biering.



Sýningar í öðrum húsum Byggðasafns

Í Víkingaheimum var sýning safnsins á fornleifum af svæðinu óbreytt frá fyrri árum. Grunnýning safnsins, *Þyrping verður að þorpi*, á miðlofti Bryggjuhússins stóð óbreytt að mestu, en engar fregnir eða upplýsingar hafa borist varðandi það hvenær bætt verði úr aðgengi að sýningunni. Auk þess er ljóst að sýningaraðstaðan á miðloftinu fullnægir ekki nútíma kröfum sem gera verður til grunnýninga safna. Salurinn er safngripur í sjálfu sér og frábær sem slíkur og myndi henta betur undir léttari skammtímasýningar og samkomur. Sýningarnar í Stekkjarkoti og Innri-Njarðvíkurhúsinu voru óhreyfðar en bæði húsin eru opin samkvæmt samkomulagi. Stekkjarkotið var vel notað af leikskólum og yngri grunnskólanemendum. Ekki hefur fengist fjármagn til að hafa þessi húsin opin að staðaldrí með auglýstum opnunatíma. Brýnt er að staða húsanna verði skoðuð betur og hvernig hugsanlega má skipuleggja rekstur þeirra og viðhald. Ástand sýningarinnar er slæmt og í raun þyrfti að tæma húsið af safnkosti og um leið að meta ástand muna og ljósmynda. Í framhaldinu þarf að ákveða hvaða hlutverki húsið á að gegna til framtíðar. Þann 9. febrúar var opnuð í Stofunni sýning á vegum Kvennakórs Suðurnesja, en kórinn fagnaði 50 ára afmæli sínu á síðasta ári. Sýningin stóð til 11. mars 2018. Í mars tók Byggðasafnið þátt í fræðslu- og skemmtidagskrá í Duus Safnahúsum undir heitinu *Frost, funi og fullveldi*. Byggðasafn Reykjanesbæjar, Sögufélag Suðurnesja og Leikfélag Keflavíkur ásamt Listasafninu stóðu að viðburði þar sem myndlistin, sagan, tónlistin og bókmenntirnar skipuðu öll sinn sess.

Safnfræðsla

Leikskólum var kynnt þjónusta vegna þorrans í Stekkjarkoti, og lét safnið útbúa svonefndar þorrakistur með munum úr eldri tíð sem minna á þorrann og hjálpa til við að fræða ungvíðið um söguna. Fjöldi leikskólahópa fékk lánaðar þorrakistur og heimsótti Stekkjarkot. Byggðasafnið tók þátt í uppsetningu á jólasýningu í Stofunni, þar sem jólahaldi í eldri tíð var gerð skil og gömlu jólasveinunum. Leik-, grunn-, framhaldsskólar á Suðurnesjum fengu sendar kynningar á sýningum í Duus safnahúsum og voru nemendur og kennarar hvattir til að koma í heimsókn og fá leiðsagnir um sýningarnar. Á árinu komu 652 leikskólanema í heimsókn í húsin, grunnskólanemar voru 844 og framhaldsskólanemar 167.

Gestafjöldi

Heildarfjöldi gesta í Duus Safnahús á liðnu ári var 31.845, sem er talsverð fjölgun frá árinu 2107 þegar heildarfjöldi gesta var 25.200. Innlendir gestir á eigin vegum voru 22.287, þar af voru gestir Ljósanætur um 13.500. Erlendir ferðamenn á eigin vegum voru alls 7.261.

Ekki var rukkað um aðgangseyri á árinu í tilefni af 40 ára stofnafmælis Byggðasafns Reykjanesbæjar og 15 ára stofnafmælis Listasafns Reykjanesbæjar.

Vefur og útgáfa

Á vefsíðu safnsins er að finna öll grunnskjöl safnsins, upplýsingar um sýningar á vegum þess og tilvísanir í nánara efni. Á síðasta ári voru birtar 12 fréttir á vefnum auk 11 færslna á fésbókarsíðu safnsins. Vefurinn og fésbókarsíðan voru notuð til að kynna starfsemina, safngripi og myndir úr myndasafni, og voru reglulega settar inn myndir af þeim, 4 í senn. Þá eru viðburðir á vegum safnsins auglýstir þar en einnig með útsendum boðskortum.

Munasafn

Heildarfjöldi færslna í safnaskrá 31. desember 2018 voru 16.250 og er það fjölgun um 1.681.

Nýskráningar í munasafn voru 388, önnur fjölgun skýrist af endurskráningu eldri muna. Alls gáfu 25 aðilar og einstaklingar muni til safnsins á árinu.

Ljósmyndasafn

Byggðasafnið býr yfir viðamiklu ljósmyndasafni sem skipt er í þrjú söfn; almennt safn ljósmynda, filmusafn Heimis Stígssonar og hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar.

Nærri 42.000 myndir eru skráðar í almenna safninu og er búið að skanna inn 16.250 myndir og ríflega 10.000 myndir hafa verið settar í sýrufrí umslög. Mikil vinna bíður þess að skipuleggja og skrá safnið og skanna inn myndir og setja í réttar umbúðir.

Í filmusafni Heimis eru skráðar 47.163 tölur en safnið er ekki fullskráð, og telja má að númer í safninu séu um 100.000. Áriðandi er að hefja vinnu við að setja safnið í réttar umbúðir og skanna inn fleiri valdar myndir. Á síðasta ári var ekkert unnið að skönnun mynda úr almenna safninu og filmusafni Heimis.

Hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar er ennþá í alvarlegri stöðu eftir skyndilegt fráfall Viðars.

Fyrirverandi safnstjóri kynnti þá stöðu til yfirstjórnar bæjarins og átti viðræður við Kvikmyndasafn Íslands um að taka safnið til varðveislu. Byggðasafnið hlaut styrk á síðasta ári úr Safnasjóði til að vinna að því verkefni. Engar ákvarðanir hafa hins vegar verið teknar um framtíð safnsins.

Verulega þörf er á að ráða starfsmann í fullt starf hjá Byggðasafninu til að sinna ljósmyndasöfnunum.

Skjalasafn Reykjanesbæjar og einkaskjalasafn Byggðasafnsins

Á árinu var gengið frá einkaskjalasöfnum sem tilheyra Byggðasafninu. Þau hafa verið tekin úr möppum og sett í skjalaöskjur, útbúin skjalaskrá og söfnin skráð í einkaskjalasafn.is. Hulda Björk Þorkelsdóttir hefur sinnt þessari vinnu sem verktaki. Hún skráði m.a. á árinu einkaskjalasafn Leifs Einarssonar og fjölskyldu og einkaskjalasafn Jóns A. Valdimarssonar og Guðrúnar S. Sigurðardóttur, auk skjala frá gjaldkera Félags eldri borgara á Suðurnesjum.

Lokaorð

Óhætt er að fullyrða að miðað við fjölda starfsmanna og fjárhagsleg úrræði hafi starfsemi Byggðasafnsins verið líflega á árinu og margt áunnist. Safnið býr að veglegum safnkosti, bæði munum og myndum, sem er hýstur á rúmgóðu húsnæði í Safnamiðstöðinni í Ramma. Varðveisluhluti starfsins er þannig í ágætis málum, en enn og aftur skal ítrekað að brýn nauðsyn er á starfsmanni til að sinna ljósmyndasöfnum Byggðasafnsins. Vonandi að rættist úr því sem fyrst.

Nú er hafið verkefni við markvissa söfnun og skráningu á munum og myndum sem tengjast sögu Varnarliðsins á Miðnesheiði. Þeirri vinnu er ætlað að byggja undir metnaðarfulla sýningu um þessa einstöku og merku sögu þessa héraðs. Að viðburðaríku ári loknu er því horft með bjartsýni til nýrra tíma og verkefna, enda úr miklu að móða og mörgu hægt að áorka, fáist til þess mannskapur og fjármagn.

31. janúar 2018

Eiríkur P. Jörundsson
safnstjóri Byggðasafns Reykjanesbæjar